

92

Ákvæði til bráðabirgða.

17. maí

Meðan eigi er, að dómi Búnaðarfélags Íslands, völ á nægilega mörgum búfræðingum með sömu eða meiri menntun en gert er ráð fyrir í framhaldsdeild bændaskólans á Hvanneyri, til að gegna héraðsráðunautsstörfum, má til bráðabirgða og til eins árs í senn með samþykki Búnaðarfélags Íslands ráða til þessa starfa búfræðinga með venjulegri búfræðimenntun, og miðast þá launakjör þeirra við X. flokk launalaganna.

Verkfærakaupasjóður leggst niður, og innstæður einstakra hreppabúnaðarfélaganna greiðist til þeirra.

Til ársloka 1952 skal þúfnasléttun í túni njóta 400—500 kr. framlags á ha, að viðbætti verðlagsuppbót samkvæmt ákvæðum 14. gr., enda skal framlagið bundið því skilyrði, að minnst $\frac{1}{10}$ túnþýfisins sé sléttaður árlega, meðan þessi ákvæði gilda, miðað við skýrslur Búnaðarfélags Íslands yfir túnþýfi í landinu frá 1945.

Eftir árslok 1952 gilda sömu ákvæði um framlag til þúfnasléttunar í túni, eins og um vinnslu og jöfnun lands vegna akur- og túnræktar, sbr. 11. gr., tölulið IV., jarðrækt, enda skulu héraðsráðunautar og mælingamenn kynna sér við úttekt, að um vinnslu túnþýfis sé að ræða, en eigi sáðskipti á áður ræktuðu og vélsléttu landi.

Til ársloka 1960 skulu þau býli, er eigi hafa 10 ha tún, njóta 300 kr. framlags á ha til jarðræktar, að viðbætti verðlagsuppbót, enda sé býlið í sérábúð og eigi sameinað öðru býli til ábúðar, sbr. 13. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 45 17. maí 1950 — jarðræktarlög —, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 17. maí 1951.

Hermann Jónasson.

Arní G. Eylands.

93

24. maí

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélagið Birtingur í Dalasýslu.

Kross	103	einingar.
Skarð	73	—
Giljaland	25	—
Smyrlahóll	102	—
Villingadalur	53	—
Mjóaból	42	—
Núpur	53	—
Leikskálar	53	—
Skriðukot	47	—
Hamrar	56	—
Jörvi	98	—
Stóra-Vatnshorn	166	—
Saurstaðir	54	—
Litla-Vatnshorn	75	—

Samtals 1000 einingar.

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsvéiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum 24. maí þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 24. maí 1951.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

SAMÞYKKT

94

31. maí

um sýsluvegasjóð í Suður-Múlasýslu.

1. gr.

Í Suður-Múlasýslu skal vera sýsluvegasjóður. Úr þeim sjóði skal greiða kostnað við nýlagningu sýsluvega og þær umbætur á þeim, sem að lögum hvíla á sýslufélaginu, eftir því sem fé er veitt til á hverju ári.

2. gr.

Sýsluvegir eru þessir:

I. FLOKKUR

1. *Geithellnahreppur:*
Hamarsselsvegur frá Þjóðvegi hjá Hamri að Hamarsseli.
Kambsselsvegur frá Þjóðvegi við Geithellnaárbrú að Kambsseli.
Þvottárvegur frá Starmýri að Þvottá.
2. *Búlandshreppur:*
Djúpavogsvegur frá Djúpavogi á Þjóðveginn milli Berufjarðar og Hamarsfjarðar.
3. *Beruneshreppur:*
Núpskjáleiguvegur frá Þjóðvegi um Núp að Núpskjáleigu.
Fossárdalsvegur frá Þjóðvegi að Fossárdal.
4. *Breiðdalshreppur:*
Suðurbyggðarvegur frá Breiðdalsárbrú um Suðurdal sunnan Breiðdalsár að Flögu og þaðan á Þjóðveg í Jórvíkurnesi.
Jórvíkurvegur frá Þjóðvegi að Jórvík.
Fagradalsvegur frá sýsluvegi að Fagradal.
5. *Stöðvarhreppur:*
Heyklifsvegur frá Hvalsnesi að Heyklifi.
6. *Fáskrúðsfjarðarhreppur:*
Kolfreyjustaðarvegur frá Þjóðvegi að Kolfreyjustað.
Innsveitarvegur frá Þjóðvegi að Döllum.
7. *Reyðarfjarðarhreppur:*
Selsvegur frá Þjóðvegi í Borgakrók að Eskifjarðarseli.
8. *Helgustaðahreppur:*
Karlsskálavegur frá Þjóðvegi við Teigará að Karlsskála.
Vöðlavegur frá Þjóðvegi á Vöðlavíkurheiði að Vöðlum.